


26. febrúar 2021

STJÓRNENDUR IÐNFYRIRTÆKJA VÆNTA VIÐSNÚNINGIS Í REKSTRI

Niðurstöður könnunar sem Outcome framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins meðal stjórnenda íslenskra iðnfyrirtækja gefa til kynna að þeir vænti viðsnúnings í rekstri sinna fyrirtækja á seinni hluta ársins í ár eftir samdrátt síðustu misseri. Væntir 42% stjórnenda iðnfyrirtækja aukningar í tekjum á seinni helmingi þessa árs en 20% reikna með samdrætti á þeim tíma. Einnig sýna niðurstöðurnar að fyrirtækin sjá fram á fjölgun starfsfólks á seinni hluta ársins eftir fækkun síðan á árinu 2019. Tölurnar benda hins vegar ekki til þess að viðsnúningurinn verði snarpur. Á 3. fjórðungi telja 21% að starfsmönnum muni fjölga en 11% að þeim muni fækka og á síðasta fjórðungi telja 18% að starfsmönnum muni fjölga en 14% að þeim muni fækka. Ríflega 28% stjórnenda iðnfyrirtækja segja að starfsmönnum í þeirra fyrirtækjum muni fjölga lítið til næstu 12 mánaða en 14% að þeim muni fækka. Könnunin var gerð á meðal stjórnenda aðildarfyrirtækja Samtaka iðnaðarins dagana 12.-22. febrúar síðastliðinn.


Hvernig metur þú aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi fyrir þitt fyrirtæki?



Stjórnendur iðnfyrirtækjanna voru spurðir að því hvernig þeir meti aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi fyrir þeirra fyrirtæki. Telja tæplega 43% þeirra að þær séu góðar og hefur það hlutfall ekki verið hærra síðan árið 2018. Hækkar hlutfallið umtalsvert á milli ára en í sambærilegri könnun sem gerð var í apríl í fyrra töldu 24% aðstæður góðar. Að sama skapi lækkar hlutfall þeirra sem telja að aðstæður séu slæmar en ekki nema 19% telja að þær séu slæmar nú og lækkar það úr 52% í apríl í fyrra. Hlutfall þeirra sem telja að aðstæður séu hvorki slæmar né góðar eykst verulega á milli ára en nú er það hlutfall 37% samanborið við 24% í apríl í fyrra.


Stjórnendur iðnfyrirtækjanna voru spurðir að því ef þeir horfa 6-12 mánuði fram í tímann, hvernig þeir meti aðstæður í efnahagslífinu fyrir þeirra fyrirtæki m.v. aðstæður í dag. Niðurstöðurnar sýna að 43% telja þær betri en ekki nema 13% að þær verði verri. Talsvert stærri hluti stjórnenda telja að aðstæður verði betri en í apríl í fyrra en þá sögðust 26% telja að aðstæður yrðu betri eftir 6-12 mánuði. Að sama skapi er mikil breyting í hlutfalli þeirra sem telja að aðstæður verði verri en það fer úr 48% í apríl í fyrra niður í 13% nú líkt og áður sagði.

Ef horft er 6-12 mánuði fram í tímann, hvernig metur þú aðstæður í efnahagslífinu fyrir þitt fyrirtæki m.v. aðstæður í dag?




Af niðurstöðunum að dæma hefur COVID-19 umtalsverð neikvæð áhrif á rekstur iðnfyrirtækja. Þau eru hins vegar ekki jafn neikvæð og stjórnendur töldu í apríl í fyrra. Stjórnendur voru spurðir að því hversu mikil neikvæð áhrif þeir telji að COVID-19 muni hafa á rekstur þeirra fyrirtækja. Sögðu 43% stjórnenda að COVID-19 hefði mjög eða nokkuð mikil neikvæð áhrif á rekstur þeirra fyrirtækja samanborið við 68% í apríl í fyrra. Um 40% stjórnenda telja að neikvæð áhrif veirunnar verði nokkuð eða mjög lítil á rekstur þeirra fyrirtækja samanborið við 21% í apríl á síðasta ári.

Hversu mikil neikvæð áhrif telur þú að COVID-19 veiran hafi á rekstur þíns fyrirtækis?




Stjórnendur iðnfyrirtækja voru spurðir að því hvernig þeir teldu að tekjur þeirra fyrirtækja yrðu á 2., 3. og 4. ársfjórðungi þessa árs samanborið við sama ársfjórðung í fyrra. 31% segja að tekjur muni aukast á 2. fjórðungi og 28% að þær muni dragast saman á þeim fjórðungi. Myndin verður bjartari eftir því sem líður á árið en 42% vænta vaxtar á 3. og 4. ársfjórðungi frá sama ársfjórðungi í fyrra. Á móti reikna 20% með því að tekjur dragist saman á 3. og 4. ársfjórðungi.

Hvernig telur þú að tekjur þíns fyrirtækis verði á viðkomandi ársfjórðungi 2021 m.v. sama ársfjórðung 2020?




Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að iðnfyrirtæki fari að bæta við sig starfsfólki á seinni hluta ársins í ár en starfsmönnum hefur fækkað allnokkuð í greininni og atvinnuleysi aukist á undanförunum misserum. Líklegast mun starfsmönnum þó fækka áfram á 2. ársfjórðungi. Reikna 13% stjórnenda iðnfyrirtækja með því að starfsmenn verði fleiri á 2. ársfjórðungi í ár en á sama ársfjórðungi í fyrra. Á móti telja 15% að þeim muni fækka. Hlutfallið breytist hins vegar á 2. og 3. fjórðungi. Á 3. fjórðungi telja 21% að starfsmönnum muni fjölga en 11% að þeim muni fækka og á síðasta fjórðungi telja 18% að starfsmönnum muni fjölga en 14% að þeim muni fækka.

Hvernig telur þú að fjöldi starfsmanna verði í þínu fyrirtæki á viðkomandi ársfjórðungi 2021 miðað við sama ársfjórðung 2020?



Þegar stjórnendur iðnfyrirtækja voru spurðir að því hvernig horfði með fjölda starfsmanna í þeirra fyrirtækjum lítið 12 mánuði fram í tímann svöruðu ríflega 28% að þeim myndi fjölga en ekki nema 14% að þeim muni fækka. Bendir það enn frekar til þess að stjórnendur iðnfyrirtækja séu að sjá fyrir sér viðsnúning á vinnumarkaði þar sem vöxtur tekur við af samdrætti og fjölgun starfandi tekur við af fækkun. Tölurnar benda ekki til þess að viðsnúningurinn verði snarpur.



Þegar stjórnendur eru spurðir að því hvort að það sé skortur á starfsfólki í þeirra fyrirtæki núna svara 20% því játandi. Það er talsverð aukning frá því í apríl í fyrra þegar 11% svöruðu þeirri spurningu játandi. Einnig var spurt að því hverskonar starfsfólk skortir helst og sögðu 60% að það væri iðnmenntað starfsfólk, 17% háskólamenntað starfsfólk, 14% ófaglært starfsfólk og 8% annað. Vaxandi skortur virðist vera á iðnmenntuðu fólki en í apríl í fyrra töldu 47% að helst skorti iðnmenntað starfsfólk samanborið við 60% nú eins og áður sagði.